

Frá formönnum nokkurra veiðifélaga á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði.

Til formanns Landbúnaðarnefndar Alþingis.

Frú Drífa Hjartardóttir.

(samrit sent til annara nefndarmanna)

Ágæti þingmaður.

Nýlega var, á hinu háa Alþingi, mælt fyrir stjórnarfrumvarpi til laga um lax- og silungsveiði.

Í umræðum, sem þá fóru fram var mikið rætt um 27. grein frumvarpsins, þar sem kveðið er á um veiðitæki og veiðiaðferðir.

Sumir ræðumanna töldu að í straumvatni væri rétt að banna með lögum alla netaveiði á laxi. Aðrir mæltu með frjálsum samningum í þessu efni og töldu það betri lausn.

Vitnuðu þá gjarna til árangurs af slíkum aðgerðum á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði síðastliðin 15 ár.

Við, sem flest höfum komið að þessari samningagerð um margra ára bil fullyrðum að sú samningsgerð hefur ekki verið sá dans á rósum, sem einstaka þingmaður lét í veðri vaka við umræðurnar. Gerð samninga hefur alltaf verið erfið, og því torveldari sem lengra hefur liðið. Aðeins einu sinni hafa samningar náðst til þriggja ára, tvisvar til tveggja. Annars hefur verið samið til eins árs í senn og þá gjarna undir mikilli tímapressu. Þar með eru talin síðustu 5 ár. Nú, - í aprílbyrjun 2006 – er staða mála þannig að ekki virðist mögulegt að neinir heildarsamningar náist.

Allir vita að veiði á stöng skapar mun meiri tekjur fyrir hvern veiddan lax en netaveiddur fiskur skilar. Við teljum eðlilegt að eigendur netaveiðiréttar fái bætur fyrir tekjumissi sinn og ennfremur hluta af aukinni verðmætasköpun við veiðarnar.

En kröfur þeirra um meira en fjórfalt nettóverðmæti netaaflans teljum við óaðgengilegar. Á því stranda samningar nú.

Við hyggjumst ekki reyna að segja Landbúnaðarnefnd fyrir verkum. En við treystum ykkur til að leita færra leiða, sem tryggt geta netabændum sinn hlut, en um leið gera hagkvæmustu nýtingu þessara hlunninda mögulega.

Við viljum gjarna mæta á fund hjá Landbúnaðarnefnd ef þið teljið að það geti skýrt þessi mál frekar.

Borgarfirði í aprílbyrjun 2006.

Virðingarfyllst. Frá formönnum eftirtalinna veiðifélaga:

Veiðifélags Andakílsár, Veiðifélags Grímsár & Tunguár, Veiðifélags Flókadalsár, Veiðifélags Reykjadalsár og Veiðifélags Norðurár.